

Símafundur stjórnar samtakanna Landsbyggðin lifi haldinn 15. febrúar 2024 kl. 20:40 á Facebook.

Mættir: Hildur Þórðardóttir, Sigríður Svavarsdóttir, Stefanía Gísladóttir, Guðrún Gísladóttir og Vigfús Ingvar Ingvarsson.

Áður kynnt dagskrá tekin fyrir – Hildur stjórnar fundi:

Málstofa Hela Sverige ska leva – HSSL í tengslum við verkefnið. Sænsk-íslenskt viðburðaár 2024-2025. Samstarf með Norræna félaginu:

Tímabil verkefnisins er frá hausti '24 og fram til vors '25.

Hugmynd um að bjóða tveim frá HSSL til Íslands til að tala á málstofu sem haldin yrði í samvinnu við Norræna félagið með yfirskriftinni: *Dreifbýli, áskoranir og tækifæri*. Verið er að sækja um styrk í sænsk ísl. samstarfssjóðinn.

Sænska dreifbýlisþingið: Það verður haldið í Nyköping í Sörmland (Södermanland) – suður af Stokkhólmi, 24.-26. maí. Einum er boðið (aðeins þarf að greiða ferðir). Ef til vill færu tveir. Þarf að heyra í Bjarna hvort hann gæti farið.

Fiðrildaverkefnið - í gangi: Er að klárast – var verið að þýða síðustu samantekt, aðallega þýðing af íslensku yfir á ensku.

European Rural Parliament könnun: Hildur og Stefanía svöruðu þessari könnun. Ekki verður þinghald á þessu ári vegna ókyrrðar í Armeníu þar sem þingið átti að vera – en fundur í haust.

Eins dags fundur verður í Belgrad í Serbíu, 23. apríl í vor, á vegum EURORESO. Þetta eru væntanlega mikilvægir fundir fyrir okkur. Hildur til með að fara á a.m.k. annan fundinn. Þátttaka okkar á þessum fundum verður skoðuð betur.

Finnska verkefnið - búið að sækja um styrk í Nordplus Adult til að fara út og undirbúa verkefnið: Áform að a.m.k. Hildur og Stefanía fari til þess utan í júní ef styrkur fæst.

Sjálfbærniverkefnið - Til dæmis að senda einhvern í sjálfbærniskólann: Vigfús athugi hvaða námskeið eru opin þar. Hann bendir (að fundi loknum) á síðu skólans, hskolinn.is.

Frekara samstarf með Norræna félaginu: Stefanía er búin að hitta Ásdísi vegna þess og er vilji til að halda áfram með verkefnið *Af stað aftur og aftur*. Stefanía og Hafrún munu sinna því.

Önnur mál.

Aðilar frá Lettlandi sem fengu styrk úr Nordplus munu líklega ekki koma fyrr en í haust til Íslands. Aðilar frá Litháen sóttu einnig um styrk til Nordplus til að skoða samstarfsmöguleika, svör frá sjóðnum koma í maí og á það einnig við um fyrrnefnda umsókn okkar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 21:20

Vigfús Ingvar Ingvarsson ritaði

Gerði athugasemd [LL1]: